


# Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál

Greining á stöðu  
og tillögur um  
aðgerðir



---

Greining Menntamálastofnunar

Dags: 1. febrúar 2018

Höfundar: Hulda Karen Daníelsdóttir og Hulda Skogland

### ***Staða grunnskólanemenda með íslensku sem annað tungumál***

**Samantekt:** Niðurstöður PISA-prófanna benda eindregið til að lesskilningur barna á Íslandi með íslensku sem annað tungumál (hér á eftir ÍSAT) sé langt frá því að vera nógu góður og fari versnandi. Þetta er alvarlegt, ekki síst í ljósi þess að vitað er að góður orðaforði og sterkur lesskilningur mynda grunn sem annað nám byggir á. Á sama tíma hefur fjölgað mjög í ÍSAT nemendahópnum. Rannsóknir benda enn fremur til þess að fáir ÍSAT nemendur ekki viðeigandi aðstoð við að ná tökum á tungumálinu sem notað er í kennslu, muni það bitna á námsframvindu þeirra í öðrum fögum. Eins virðist ýmislegt benda til að brotthvarf ÍSAT nemenda úr námi í framhaldsskóla sé mun hærra en nemenda sem eiga íslensku að móðurmáli.

Þó svo að margt hafi þokast í rétta átt hvað varðar smíði formlegs ramma utan um kennslu ÍSAT nemenda í námskrám, virðist vera allur gangur á því hvernig námsþörfum þeirra er sinnt á vettvangi íslenskra skóla. Ljóst er að bæta þarf kerfisbundnar athuganir á kennsluaðferðum og námsárangri ÍSAT nemenda í íslenskum skólum. Í ályktun sinni um stöðu íslenskrar tungu árið 2013 útlistaði Íslensk málnefnd nauðsynlegar aðgerðir og stuðning við ÍSAT nemendur. Þær sneru m.a. að því að efla þyrfti rannsóknir á tileinkun íslensku sem annars máls, auka stuðning við kennara til að kenna þessum hópi nemenda og þróa viðeigandi matstæki. Í byrjun árs 2018 á þetta flest enn við og þörfin hefur einungis aukist.


Í þessari greiningu, sem einskorðast við ÍSAT nemendur á grunnskólastigi, verða dregnar saman staðreyndir um þennan stækkandi nemendahóp í íslensku skólakerfi og bent á atriði sem nauðsynlegt er að færa til betri vegar. Einnig verða verkefni sem mikilvægt er að hrinda í framkvæmd, skilgreind.

## I. Staða nemenda með íslensku sem annað tungumál

*PISA 2000-2015: Lesskilningur nemenda á Íslandi dalar og ÍSAT nemenda enn hraðar.*

PISA-rannsóknir sem gerðar hafa verið á þriggja ára fresti frá árinu 2000 benda til þess að almennt fari lesskilningur<sup>1</sup> barna á Íslandi hratt versnandi. Í lesskilningshluta PISA-prófsins árið 2015 (nýjasta prófið) raðaði Ísland sér neðst meðal Norðurlandanna en var um miðjan hóp árið 2000. Þetta er lækkun sem nemur tæpu skólaári á 15 árum. Hafa fá þátttökuríki PISA lækkað jafnmikið á sama tímabili.<sup>2</sup>

### Mynd 1



Eins og **Mynd 1** sýnir, hefur lesskilningi ÍSAT nemenda í lesskilningshluta PISA hrakað enn hraðar en hjá nemendum sem eiga íslensku að móðurmáli. Sýnir rauða línan lesfærni nemenda sem eru innflytjendur í PISA 2000-2015 borið saman við landsmeðaltal (græn brotin lína) og nemenda sem eiga íslensku að móðurmáli (blá

<sup>1</sup> Lesskilningur (e. Reading literacy) samkvæmt skilgreiningu OECD; að skilja, notfæra sér og ihuga ritaða texta til að ná markmiðum sínum, þróa þekkingu sína, getu og taka þátt í samfélagi (PISA 2009. Assessment Framework)

<sup>2</sup> Menntamálastofnun 2015: *Helstu niðurstöður PISA 2015*, bls. 2. Rafræn slóð: [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2015\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2015_island.pdf)

lína).<sup>3</sup> Taflan sýnir að á árunum 2000-2012 hafði *lesskilningur ÍSAT nemenda fallið um 47 stig á 12 árum* á sama tíma og meðaltal nemenda með íslensku að móðurmáli féll um 20 stig. Niðurstöður PISA-prófs 2015 benda svo til að hlutfall ÍSAT nemenda sem eru í allra neðstu mörkum í lesskilningi, er mun hærra á Íslandi (56.9%) en sem nemur meðaltali OECD (32.7%).

*Á sama tíma og niðurstöður PISA sýna dalandi árangur ÍSAT nemenda, hefur þeim fjölgað gífurlega.*

Undanfarna tvo áratugi hefur innflytjendum á Íslandi fjölgað gífurlega og ÍSAT nemendum að sama skapi. **Mynd 2** sýnir hlutfall innflytjenda meðal þátttakenda í PISA frá 2000-2012.

Mynd 2

Fædd/ur erlendis	2000	2003	2006	2009	2012	2015	Fjölgun frá 2000 til 2015
Nemandi	193 5,8%	196 5,9%	255 6,9%	222 6,2%	300 8,8%	279 8,6%	45%
Móðir	106 3,2%	126 3,9%	182 4,9%	232 6,5%	283 8,4%	295 9,1%	278%
Faðir	128 3,9%	131 4,0%	167 4,5%	191 5,4%	235 7,0%	281 8,7%	220%
Öll fjölskyldan fædd erlendis	19 0,6%	22 0,7%	59 1,6%	48 1,3%	86 2,5%	95 2,9%	500%
Á heimili er talað annað tungumál en íslenska	63 1,9%	54 1,6%	80 2,2%	106 3,0%	131 3,9%	173 5,4%	275%

Hinn 1. janúar 2017 voru 35.997 innflytjendur á Íslandi eða 10,6% mannfjöldans, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Samanlögð fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda er 12% af mannfjöldanum og hefur hlutfallið aldrei verið hærra.<sup>4</sup>

Til að setja fjölgun ÍSAT nemenda í grunnskólum á Íslandi undanfarna tvo áratugi í samhengi, má benda á að árið 1997 voru þeir **377 talsins** en árið 2015 voru þeir orðnir **3.543** sem er tæp tíföldun. Ýmsar gagnlegar tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi er að finna í skýrslu frá Fjölmenningssetri sem gefin var út árið 2016 en þar má t.d. sjá skiptingu þessa hóps eftir sveitarfélögum, tungumálum og aldri.<sup>5</sup>

<sup>3</sup>Taflan er fengin úr enskri útgáfu *Hvítbókar um menntamál*, bls. 17. Rafræn slóð: [https://eng.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2015/Hvitbok\\_ENSKA\\_04.pdf](https://eng.menntamalaraduneyti.is/media/frettir2015/Hvitbok_ENSKA_04.pdf)

<sup>4</sup>Hagstofa Íslands, fréttatilkynning um mannfjölda; *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*, birt á vef Hagstofu þann 16. júní 2017. Rafræn slóð: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2017/>

<sup>5</sup>Fjölmenningssetur (2016). Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi. Rafræn slóð: <http://www.mcc.is/media/frettir/to%CC%88lfraedisky%CC%81rsla-2016-endanleg-2.pdf>

### *Hvað segja rannsóknir um stöðu ÍSAT nemenda í íslensku skólakerfi?*

Niðurstöður erlendra rannsókna benda til þess að nemendum sem eiga annað móðurmál en það sem kennt er á í skólum og er ekki markvisst sinnt, gangi ekki jafn vel í námi og nemendum sem eiga viðkomandi tungumál að móðurmáli. Innlendar rannsóknir sem gerðar hafa verið á færni *ÍSAT nemenda í grunnskólum sýna svipaðar niðurstöður*; m.a. að ÍSAT nemendur hafi rýrari orðaforða í íslensku en jafnaldrar þeirra; að munurinn minnki ekki með árunum; að ÍSAT nemendur skorti fræðilegan orðaforða til að skilja til fulls það sem kennt er í grunnskólum og að markvissra aðgerða til að auka orðaforða ÍSAT nemenda sé þörf (Elín Þöll Þórðardóttir og Anna Guðrún Júlíusdóttir, 2012; Sigríður Ólafsdóttir, 2010; Sigríður Ólafsdóttir o.fl., 2016).<sup>6</sup> Enn fremur benti rannsókn sem unnin var úr niðurstöðum PISA 2012 til áberandi mikils munar á eintyngdum börnum á Íslandi og ÍSAT nemendum.<sup>7</sup> Þetta er ekkert einsdæmi eða bundið við Ísland en þörfin fyrir að grípa á markvissan hátt inn í vandann er augljós.

Árin 2015 og 2016 lét Fjölmenningarsetrið vinna upplýsingar um ÍSAT nemendur með það fyrir augum að afla upplýsinga um afdrif þeirra innan framhaldsskólakerfisins. Niðurstöður leiddu í ljós að mun lægra hlutfall ÍSAT nemenda hafði útskrifast fjórum árum eftir að hafa innritast í framhaldsskóla árið 2010, en annarra nemenda.<sup>8</sup> Í niðurstöðunum var einnig bent á að tölur varðandi nemendur með erlent móðurmál séu ekki nákvæmlega skráðar og því erfitt að halda utan um afdrif ÍSAT nemenda á framhaldsskólastigi. Ljóst er að skortur er á samræmdri skráningu og árangursmælingum á ÍSAT nemendum á grunn- og framhaldsskólastigi.

### *Árangursmælingar ÍSAT nemenda – skortur á reglubundnum mælingum og betra samræmi.*

PISA-prófin eru einu samræmdu, reglubundnu mælingarnar sem gerðar eru í íslenskum skólum á landsvísu sem tengja niðurstöður prófa við bakgrunnsbreytuna *móðurmál* sérstaklega. Gott er að hafa í huga að PISA-prófin eru einungis lögð fyrir nemendur sem eru við lok grunnskólagöngu sinnar, eða um 15 ára aldur. Almennt er t.d. ekki spurt um móðurmál próftaka í samræmdum könnunarprófum hér á landi.<sup>9</sup> Þetta kemur í veg fyrir samræmi í

<sup>6</sup> Elín Thordardóttir & Anna Gudrun Juliusdóttir. (2012). Icelandic as a second language: A longitudinal study of language knowledge and processing by school-age children. International Journal of Bilingual Education and Bilingualism. Rafræn slóð:

<http://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/13670050.2012.693062>

Sigríður Ólafsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir (2010): Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku. Rafræn slóð: <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/023.pdf>

Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason (2016): *Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál – áhrif aldurs við komuna til Íslands*. Rafræn slóð: [http://netla.hi.is/serrit/2016/um\\_laesi/03\\_16\\_laesi.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf)

<sup>7</sup> Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson (2013). Helstu niðurstöður PISA 2012, bls. 60. Rafræn slóð:

[http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa\\_2012/PISA\\_2012\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa_2012/PISA_2012_island.pdf)

<sup>8</sup> Fjölmenningarsetur (2016): *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*, bls. 20. Rafræn slóð: <http://www.mcc.is/media/frettir/to%CC%88lfraedisky%CC%81rsla-2016-endanleg-2.pdf>

<sup>9</sup> Samræmd könnunarpróf sem þeytt eru í íslenskum grunnskólum í 4., 7. og 9. bekk, bjóða ekki upp á þann kost, eins og rammi laga og reglugerða um þessi próf er í dag (Reglugerð 173/2017) að spyrja nemendur að móðurmáli þeirra. Eins eru í ramma laga um samræmd próf ekki lengur samræmd viðmið um það hverjir úr ÍSAT hópnum þreya prófin (t.d. árafjöldi búsetu á Íslandi) enda er það skólaþjónusta hvers

mælingum á gengi ÍSAT nemenda í reglubundnum prófum. Þessu væri þó hægt að breyta ef gildandi reglugerð um samræmd próf yrði breytt, þannig að heimilað yrði að kanna sérstaklega móðurmál próftaka. Eins væri mikilvægt að samræma próftöku betur þannig að eitt myndi yfir alla ganga s.s. að ÍSAT nemendur þreyti samræmd próf eftir tiltekinn tíma (búsetu á Íslandi og/eða eftir stuðning í tiltekinn árafjöldi).

Í dag er það á herðum skólaþjónustu hvers sveitafélags að dæma hvort og hvaða ÍSAT nemendur eru reiðubúnir til að þreyta samræmd könnunarpróf. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa, sem tekin voru í september 2017, sýna að mikill munur virðist vera á tíðni undanþágubeiðna milli sveitafélaga fyrir þennan hóp nemenda. Ljóst er því að eitt og annað þarf að breytast svo að hægt sé að henda betur reiður á gengi ÍSAT nemenda í grunnskólum á Íslandi, jafnvel huga að breytingu á reglugerðum um samræmd próf. Eins mætti gera betur hvað varðar skráningu ÍSAT nemenda í INNU á framhaldsskólastigi, enda er forsenda þess að geta kortlagt hvar skórin kreppir að ná utan um hvar og hversu víðtækur vandinn er. Vísendingarnar um að gengi ÍSAT nemenda sé vel fyrir neðan meðaltal sambærilegra hópa nemenda innan OECD, eru þó mýmargar.

Íslensk málnefnd hefur ítrekað bent á nauðsyn þess að útbúin verði próf til að meta kunnáttu innflytjenda og ÍSAT nemenda í málinu og færni þeirra í öllum þáttum málsins. Í ályktun sinni um stöðu íslenskrar tungu 2013 segir málnefndin: „Gerð prófa af þessu tagi krefst fræðilegrar þekkingar og þarf að byggjast á rannsóknum á íslensku sem öðru máli. Prófin, og undirbúnings- og rannsóknarvinna við gerð þeirra, gætu nýst sem fræðilegur hvati fyrir þetta unga fræðasvið hérlendis. Prófin hefðu því bæði hagnýtt og fræðilegt gildi. Vönduð próf sem byggjast á rannsóknum á máltileinkun eru líka mikilvægt hjálpartæki við gerð námsefnis og kennsluáætlana og geta þar með orðið til þess að því fé sem veitt er í málaflokkinn sé varið á skynsamlegan hátt“.<sup>10</sup>

Annað sem í ljós kemur sem hindrun í vegi þess að ÍSAT nemendur hljóti kerfisbundið stuðning á landsvísu, er hversu óskilgreint það er hvernig og hversu miklum tíma skuli sérstaklega varið í kennslu þessa hóps nemenda.

### *Íslenskukennsla ÍSAT nemenda, markmið skýr, ómarkviss nálgun.*

Í 16. gr. í lögum um grunnskóla (98/2008) er sérstaklega fjallað um nemendur með annað móðurmál en íslensku. Kveðið er á um að skólar skuli taka á móti nemendum sem eru að hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags, sem taka skuli mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Einnig segir að grunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.<sup>11</sup>

sveitafélags að dæma hvort og hvaða ÍSAT nemendur séu tilbúnir til að taka prófin eða ekki. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa sem tekin voru í september 2017 sýna að mikill munur virðist vera á tíðni undanþágubeiðna milli sveitafélaga fyrir þennan hóp nemenda.

<sup>10</sup> Íslensk málnefnd (2013) bls. 3 : *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2013*. Rafræn slóð: <http://islenskan.is/images/alyktun-IM-2013.pdf>

<sup>11</sup> Lög um grunnskóla, 16. gr. Rafræn slóð: <http://www.althingi.is/lagas/146b/2008091.html>

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011, bls. 106-108 er fjallað um íslensku sem annað tungumál. Í námskránni er þó þessi kennsla felld saman við aðra íslenskukennslu, s.s. íslenskt táknmál og íslenskukennslu almennt, sjá **Mynd 3**, þannig að námskráin gefur engan ramma um hversu mörgum kennslustundum skuli varið sérstaklega til kennslu þessa hóps.

**Mynd 3 Aðalnámskrá – Viðmiðunarstundarskrá fyrir íslensku**

Námsgreinar – Náms svið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Minútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Minútur á viku	Hlutfall
Íslenska, Íslenska sem annað tungumál og Íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%

Sett eru fram hæfniviðmið en ólíkt því sem gert er með alla aðra hópa nemenda eru ekki sett nein aldursviðmið eða tímarammi fyrir það hvenær ÍSAT nemendur eiga að vera búnir að ná tiltekinni hæfni. Í námskránni er tilgreint það yfirmarkmið að nemendurnir öðlist nægilega þekkingu til að geta fylgt jafnöldrum í námi og geti tekið þátt í sameiginlegum reynsluheimi sem íslenskur skóli byggir á.<sup>12</sup> Má því segja að markmiðssetningin sé mjög opin og að skólum er með öðrum orðum í sjálfsvald sett hvernig (og jafnvel hvort) og hversu miklum tíma þeir sinna í kennslu þessa hóps nemenda.

Ljóst er að til eru stefnur og markmið fyrir ÍSAT nemendur í íslensku skólakerfi en margt bendir til að tími og rúm séu mjög vítt skilgreind og að áþreifanlegur skortur sé á samræmdum árangursmælingum, ef frá eru talin PISA-prófin þegar nemendur eru við það að ljúka grunnskólagöngu sinni – sem er augljóslega of seint til að hægt sé að grípa í taumana og veita þeim nemendum sem þurfa aðstoð.

Spurningarnar sem brýnast er að svara eru því *hvar* og *hvað* má betur gera og *hvernig* er best að veita ÍSAT nemendum markvissan stuðning?

### *Hvernig er í dag stutt sérstaklega við kennslu ÍSAT nemenda?*

Í grunnskólum landsins er stutt við ÍSAT nemendur með fjárveitingum, með tvennum hætti: annars vegar er veitt úr Jöfnunarsjóði íslenskra sveitarfélaga, hins vegar fyrir nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar með

<sup>12</sup> Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinarsvið 2013, bls. 106-108. Rafræn slóð: <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>

fjárúthlutun, einnig úr sérstökum sjóði. Aðferðafræði úthlutananna er ólík og lítið samráð eða samræmi er þarna á milli.

Úthlutun fyrir ÍSAT nemendur úr sjóði Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga: Haustið 2017 sóttu 108 grunnskólar í sveitarfélögum öðrum en Reykjavík um framlög úr Jöfnunarsjóði íslenskra sveitarfélaga, vegna kennslu 2490 ÍSAT nemenda. Gera má ráð fyrir að fjöldi þeirra sé enn meiri, því ekki er sótt um framlög fyrir þá alla. Sjóðurinn skilgreinir nemendurna sem *innflytjendur; Íslendinga sem hafa dvalið langdvölum erlendis og tvítýngda nemendur sem eru fæddir á Íslandi en tala annað tungumál en íslensku á heimilum sínum*. Jöfnunarsjóður gerir ekki kröfu um að íslenskukunnátta nemendanna sé metin og niðurstöðurnar lagðar til grundvallar nýrri umsókn, heldur treystir sjóðurinn mati fagaðila á vettvangi skóla. Eins er ekki gerð krafa um að sýnt sé fram á að féð sem úthlutað er, sé beinlínis notað til kennslu nemendanna.

Reykjavíkurborg styður við ÍSAT nemendur sérstaklega með fjárúthlutun sem byggir á niðurstöðum *Milli mála* – málkönnunarprófsins. Prófið er lagt fyrir nemendur til að meta hvort þeir hafi nægilega góð tæk á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í þeim bekk sem þeir eru í. Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Reykjavíkurborg er nú verið að úthluta fé til kennslu 1.772 nemenda en úthlutunin er byggð á niðurstöðum prófsins sem lagt var fyrir vorið 2017.

Skilgreining Jöfnunarsjóðs og Reykjavíkurborgar sem úthluta fé til kennslu ÍSAT nemenda á grunnskólastigi virðist því ólík. Eins er ljóst að ósamræmi er í tölum Hagstofu og samtölu fjöldatalna þeirra skóla sem sækja um fé vegna kennslu ÍSAT nemenda. Skortur er á heildstæðri mælingu eða könnun á því hverjir sækja um, hvernig fénu er varið eða hvort það skili sér beint í kennslu þessa hóps.

### *Hverju kalla kennarar eftir hvað ÍSAT nemendur varðar?*

Flestir íslenskir grunnskólakennarar koma nú á einn eða annan hátt að kennslu ÍSAT nemenda. Ljóst er að margir kennarar kalla eftir að betur sé stutt við þá í kennslu þessa hóps nemenda.

Í samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara á niðurstöðum í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum grunnskóla vegna úrvinnslu bókunar 1 með kjarasamningi sem birt var í október, 2017, er það sérstaklega tekið fram að fjöldi kennara upplifir sig vanmáttuga og óörugga í kennslu þessa nemendahóps. Í samantekt niðurstaðna á bls. 11 í skýrslunni kemur eftirfarandi fram: <sup>13</sup>

---

<sup>13</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara (október 2017): Samantekt samstarfsnefndar Sambands, á niðurstöðum í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum grunnskóla, vegna úrvinnslu bókunar 1 með kjarasamningi. Birt í október, 2017. Rafræn slóð: [http://www.samband.is/media/kjaramal/FG-lokaskyrsla-samstarfsnefndar-2017\\_LOK.pdf](http://www.samband.is/media/kjaramal/FG-lokaskyrsla-samstarfsnefndar-2017_LOK.pdf)



„Mikil fjölgun er í hópi nemenda af erlendum uppruna sem flust hafa til landsins undanfarin misseri. Íslenskum nemendum sem koma til landsins eftir að hafa dvalið erlendis í lengri tíma fjölgar einnig. Lítið er til af upplýsingum og námsefni fyrir þennan hóp en að mati kennara þarf að mæta honum með sértækum aðgerðum og stuðningi. Fram kemur að kennarar upplifa vanmátt þegar kemur að því að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda ...“

## II. Mögulegar úrbætur

Enginn vafi virðist leika á því að bæta þurfi stöðu vaxandi hóps ÍSAT nemenda í íslenskum grunnskólum. Hins vegar er óljóst hvernig eigi að standa að aðgerðum og hver eigi að taka ábyrgð á framkvæmd. Mikilvægt er að öll sveitarfélög setji sér skýra stefnu og markmið um hvernig þau hyggjast styðja við nám og kennslu ÍSAT nemenda. Hjá Reykjavíkurborg starfar nú þegar sérstakt þekkingarteymi – *Miðja máls og læsis* – þar sem sex sérfræðingar á þessu málefnasviði veita kennurum og starfsfólki stuðning og ráðgjöf.

Ekkert sambærilegt teymi er til staðar sem veitir slíkan stuðning við kennara vítt og breitt um landið þótt þörfin sé síst minni í öðrum sveitarfélögum. Til greina kæmi að setja á laggirnar ÍSAT sérfræðingateymi á vettvangi ríkisstofnunar eða sveitarfélags og því falið að hrinda í framkvæmd verkefnunum sem skilgreind eru hér fyrir neðan samhliða því að taka þátt í mótun samræmdrar stefnu og aðgerðaráætlunar fyrir málaflokkinn sem fylgt verði eftir á landsvísu.

### *Námskrá*

Kallað hefur verið eftir endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla í íslensku sem öðru tungumáli m.a. með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla í erlendum málum og Evrópsku tungumálamöppunni. Brynt er að hrinda því verkefni af stað sem fyrst. ÍSAT teymi sérfræðinga gæti komið að þeirri vinnu.

### *Námsefni*

Kennarar hafa bent á mikla þörf fyrir sértækt námsefni sem hentar ÍSAT nemendum betur en námsefni sem ætlað er öllum nemendum. Ástæðan fyrir því er talin sú að ÍSAT nemendur eiga oft í erfiðleikum með að tileinka sér inntak námsefnis vegna bágrar kunnáttu í íslensku. Við gerð slíks efnis þarf að taka mið af aldri, getu og bakgrunnsmenningu nemenda. Helst hafa kennarar nefnt þörf á byrjendaefni fyrir mið- og unglíngastig, hliðarefni á vef við útgefið efni námsgreina, flokkun námsefnis Menntamálastofnunar eftir þyngdarstigi og aldri nemenda og orðalistum yfir námsorðaforða (e. academic vocabulary) með almennu námsefni. Einnig hafa kennarar beðið um að hagnýt handbók um kennslu ÍSAT nemenda verði gerð aðgengileg á vef Menntamálastofnunar.

### *Matstæki og samræmdar mælingar*

Með breytingu á stjórnvaldsfyrirmælum er snúa að framkvæmd samræmdra könnunarprófa og lesskimunarprófa, mætti bæta og samræma árangurs- og framvindumælingar hjá þessum hópi nemenda enda

nauðsynlegt að geta mælt hvaða úrræði skila bestum árangri. PISA-könnun OECD (þegar nemendur eru í þann mund að ljúka grunnskólagöngu) er eina samræmda, reglubundna mælingin sem framkvæmd er á ÍSAT nemendum í dag. Þróa þyrfti frekar námsmat fyrir ÍSAT nemendur til að meta stöðu þeirra.

Eins er mikilvægt að meta lestrarfærni og talnaskilning ÍSAT nemenda á móðurmáli þeirra til að kanna grunninn sem þeir hafa þegar þeir byrja að nema á íslensku. Niðurstöður slíks mats geta sagt fyrir um hvaða nemendur eru líklegir til að ná að lesa á íslensku hratt og vel og hverjir þurfa lengri tíma. Niðurstöðurnar geta einnig gert kennara meðvitaðri um að flestir nemendur sem hafa veikan grunn í móðurmáli sínu þurfa meiri stuðning en þeir sem standa þar vel að vígi, þegar kemur að læsi og almennu námi á íslensku. Brýnt er því að þróa matstæki sem meta stöðu og framfarir ÍSAT nemenda og þjálfá sérfræðinga í notkun þeirra. Fyrirmyndir að slíkum matstækjum sem þýða mætti á íslensku finnast víða t.d. í Svíþjóð, Noregi og Kanada.

Sveitarfélögin Árborg, Hafnarfjörður og Reykjanesbær hafa átt frumkvæði að þróunarverkefni um þýðingu og innleiðingu á norrænu stöðumatstæki hér á landi, í samstarfi við Menntamálastofnun.

### *Kennaranám og starfsþróun*

Leggja þarf aukna áherslu á ÍSAT þjálfun í kennaranámi og í starfsþróun kennara og skólastjórnenda enda er íslenskan eins og rauður þráður í námi og kennslu og allir kennarar eru íslenskukennarar. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um námsþarfir allra nemenda sinna en ekki síst þeirra sem læra íslensku sem annað tungumál. Þeir þurfa m.a. að geta metið stöðu og framfarir ÍSAT nemenda og hvaða námsefni hentar þeim best hverju sinni. Þeir þurfa einnig að þekkja leiðir til að kenna þeim hljóðkerfið, hlustun, samræður, lestur, ritun og auðga íslenskan námsorðaförða þeirra svo þeir missi ekki móðinn á meðan þeir tileinka sér tungumálið.

Mikil ábyrgð hvílir á kennurum í þessum málaflokki eins og öðrum og í auknum mæli vinna kennarar í teyimum (e. co-teaching) sem skipta með sér sérhæfingu og ábyrgð. ÍSAT teymið sem nefnt hefur verið hér að ofan gæti skipulagt starfsþróun kennara og stjórnenda og þjálfun kennaranema í kennslu íslensku sem annars tungumáls og teymiskennslu. Til greina kæmi að stofna nýja námsleið í íslensku sem öðru tungumáli á háskólastigi sem myndi útskrifa ÍSAT sérfræðinga sem gætu m.a. kennt íslensku sem annað tungumál sem sjálfstæða námsgrein í skólum. Námsleiðin myndi einnig bera ábyrgð á því að allir kennaranemar fengju þjálfun í að kenna íslensku sem annað tungumál og starfandi kennarar og skólastjórnendur fengju aðgengi að starfsþróun á þessu sviði.

### *Rannsóknir*

Auka þarf rannsóknir á námi og kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Til að ná árangri í kennslu nemendanna þarf að rannsaka hvaða kennsluhættir og aðferðir hafa borið mestan árangur í námi og kennslu

Þessa hóps. Einnig þarf að skoða sérstaklega námsstöðu nemenda sem fæddir eru hér á landi en eiga annað móðurmál en íslensku, því margt bendir til þess að færni þeirra og geta sé ekki eins og best verður á kosið.

### *Móttökuúrræði*

Kallað hefur verið eftir móttökuúrræði fyrir nemendur sem eru nýkomnir til landsins og eru ótalandi á íslensku. Líkt og viðgengst í Svíþjóð, myndi úrræðið bjóðast nemendum í a.m.k. 4-8 vikur. Meðan á því stendur er námsstaða þeirra metin og þeim kenndur grunnorðaforði í íslensku. Þeim myndi líka vera gefinn kostur á að sækja kennslustundir í almennum bekkjum í hinum ýmsu fögum, hafi þeir getu og vilja til. Úrræðið gæti verið staðsett í einum skóla í stórum sveitarfélögum eða á vettvangi hvers og eins skóla en margir möguleikar koma til greina. ÍSAT teymið gæti leitt og aðstoðað sveitarfélög við innleiðingu slíkra móttökuúrræða.

### *Kennsluráðgjöf*

Eins og fram hefur komið hér að ofan hefur ÍSAT nemendum fjölgað mjög á Íslandi hin síðustu ár en kennurum sem hafa sérhæft sig í að kenna þeim hefur ekki fjölgað að sama skapi. Mikilvægt er þess vegna að fjölga í hópi kennsluráðgjafa sem hafa þekkingu á málefnum ÍSAT nemenda. ÍSAT teymið gæti frætt kennsluráðgjafa um málaflokkinn og þjálfað þá í kennsluháttum sem henta ÍSAT nemendum vel. Sem dæmi má nefna hvernig skipuleggja megi kennslu út frá innihalds- og tungumálsmarkmiðum námsgreina og bakgrunnsþekkingu nemenda. Mikilvægt er að kennsluráðgjafar vinni náið með kennurum ÍSAT nemenda á vettvangi skóla og þá jafnvel sem þátttakendur í kennsluteyimum sem gegna því hlutverki að koma til móts við námsþarfir fjölbreytilegs nemendahóps.

### *Móðurmál*

Skilgreiningar fræðimanna og annarra á því hvað teljist móðurmál barna hafa þróast og breyst. Sumir skilgreina móðurmál sem tungumál foreldra, fyrsta tungumál barns og það sem barnið talar oftast og á auðveldast með að nota, á meðan aðrir benda á að mörg tvítyngd börn eigi tvö móðurmál.

Það er eðlilegt að nemendur styðjist við móðurmál sitt tímabundið þegar þeir byrja að læra nýtt tungumál, því bakgrunnsþekking, skilningur, færni og gildi eru bundin móðurmálinu og menningu þeirra. Kennarar þurfa því að finna leiðir til að leysa úr læðingi þessa bakgrunnsþætti svo að nemendur geti byggt á þeim nýja þekkingu og færni á íslensku.

Mikilvægt er að stjórnvöld menntamála láti gefa út leiðarvísi um móðurmálskennslu ÍSAT nemenda.

